

Fjarðabyggð  
b/t Valur Sveinsson  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 13. janúar 2020  
UST201912-239/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Kynning - Breyting á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og tillögu að nýju deiliskipulagi - Heyklif**

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Fjarðabyggðar er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um kynningu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 og tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Heyklif á Kambanesi í Fjarðabyggð.

Í greinargerð kemur fram að tillagan geri ráð fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu þar sem m.a. er gert ráð fyrir gistiaðstöðu og veitingaþjónustu. Gert er ráð fyrir veitingastað, hóteli, samkomuhúsi og byggingum af nokkrum stærðum svæða til útleigu fyrir ferðamenn. Ekki kemur fram í lýsingu stærð deiliskipulagssvæðisins, en áætlað heildarbyggingarmagn á deiliskipulagssvæðinu gæti orðið allt að 11.000 m<sup>2</sup>.

#### **Votlendi**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt rannsóknnum Náttúrustofu Austurlands (NA) er innan skipulagssvæðisins fimm votlendissvæði sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufernbæra sem undir greinina falla nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í umhverfisskýrslu tillögunnar kemur fram að mannvirki séu utan verndarsvæða og hafi ekki áhrif á votlendi.

Umhverfisstofnun bendir á að bílastæði á svæði Þ-1 liggur að votlendissvæði sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Í skýrslu NA segir að mögulega mætti hliðra bílastæði aðeins til að forða því að raska litlum starungsmýravistarfláka.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Ásýnd

Í skýrslu NA kemur fram að á Kambanesi er fjölbreytilegt landslag, gróðurfar og fuglalíf og hægt er að komast í var frá þjóðvegi 1 án þess að fara mikið út af veginum og upplifa kyrrð og mikla náttúrufegurð.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að tillagan muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og þar af leiðandi upplifun gesta og því mikilvægt að fella öll mannvirki að landslagi eins og kostur er til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á að skoðuð sé áhrif íbúðarhús á reit FA.

### Fuglalíf

Í umhverfisskýrslu kemur fram að tillagan muni hafa lítil áhrif á fugla. Í rannsóknarskýrslu NA kemur fram að líklega verður það einkum umferð fólks með tilheyrandi ónæði og áreiti sem mun hafa mest áhrif á fuglalíf. Líkur eru á að fyrirhugaðar framkvæmdir á Kambanesi spilli varpsvæði stelksins og hamli mögulega ungauppeldi vegna skerts aðgengis að fæðu. Auk þess kemur fram að svartbakur, sem flokkast sem tegund í hættu, muni að öllum líkindum hætta varpi á svæðinu verði af framkvæmdum. Einnig kemur fram að mikilvægt sé að hlífa varpstöðum fýla í klettum, bæði á framkvæmdatíma og fyrir umferð manna og huga vel að varpsvæði silfur máfs sem gjarnan kýs að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá mönnum.

### Framkvæmdir utan varptíma

Í greinargerð tillögunnar kemur ekki fram að tekið verði tillit til varptíma fugla á framkvæmdatíma. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í skýrslu NA að hægt sé að minnka áhrif framkvæmda á fuglalíf til mikilla muna með því að tímasetja þær utan viðkvæmasta tíma í lífi fuglanna, á varptíma (breytilegt eftir tegundum) og fyrstu vikum í lífi ungans.

## Vöktun

Í greinargerð kemur fram að ekki er gert ráð fyrir vöktun vegna deiliskipulagsins umfram þá vöktun sem ákvæði verða um við leyfisveitingar vegna framkvæmda og reksturs sem verður tilkominn vegna skipulagsins.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í skýrslu Náttúrustofu Austurlands (NA) að mikilvægt sé að fylgjast með fuglalífi á framkvæmdatíma og eftir að rekstur hefst þar sem óvissa er um og ekki hægt að fullyrða hvort framkvæmdin muni hafa mikil áhrif á einhverjar fuglategundir.

## Göngustígar

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið gerir ráð fyrir að umferð um svæðið verði stýrt, bæði fyrir gangandi og akandi með lagningu stíga og markvissum framkvæmdum á áningarstöðum.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugmyndir að stýringu, staðsetning á stígum og áningarstöðum á skipulagssvæðinu sé unnin í samráði við NA þar sem rannsóknarskýrsla Náttúrustofunnar sé höfð til hliðsjónar.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að stígar og áningarstaðir séu sýndir á uppdrætti.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur